

Mál nr 18/2014

Ár 2015, mánudaginn 11. maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr.18/2014

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 26. nóvember 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 28. nóvember og henni gefinn frestur til 26. desember 2014 til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun dags 18 mars 2015 og gefinn viðbótarfrestur til 25. mars. Svar dags 23. mars barst frá kærðu og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bauð um að málið yrði unnið áfram. Þar eð siðanefnd taldi að ekki myndu nást sættir í málinu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fram voru komin.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 10. nóvember 2014 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Shih tzu eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að um slysgot hefði verið að ræða enda hafi ekki verið á döfinni að rækta undan tíkinni.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shih tzu:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun (Gildir frá 01.06.2010). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Þeir hundar sem eru nú þegar í ræktunarbanni, geta sótt um undanþágu frá banninu eftir nánara

samkomulagi við stjórn deildarinnar hafi þeir náð 3 ára aldri, augnskoðaðir „hreinir ” og eru góðir fulltrúar tegundarinnar.”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Það breytir ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það gat kærða ekki séð fyrir.

Við mat á viðurlögum er tillit tekið til þess að kærða játaði brot sitt skýlaust og hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins. Siðanefnd vill þó minna á að hundaeigendur eru alfarið ábyrgir fyrir hundum sínum og ber skylda til þess að koma í veg fyrir að svokölluð slysagot geti orðið.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir